**Forstöðumannaskýrsla**

Starfsstöð: Áhaldahús/höfn

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: Janúar 2020

1. **Verkefni í undirbúningi:**
   - Klára að standsetja slökkvibifreið bíll kemur ekki fullbúinn svo það þarf að panta, finna staði setja festingar fyrir búnað og annað.
   - Unnið með Vegagerðinni vegna útboðs stálþils

2. **Verkefni í vinnslu:**
   - Unnið við að  standsetja slökkvibifreið dót úr gamla bíl fært í nýja, smíðaðar skúffur og festingar og lappað uppá gamla dótið málað og fl.

3. **Verkefnum lokið**

   1.

4. **Annað**:

   Önnur föst verkefni fyrir deildir sveitarfélagsins tekið rusl farið með pakka, farið með mat, fylgst með vatnsnotkun og dælum vatnsveitu tekið á móti skipum, vigtað úr bátum og bílum ath færð látið moka innanbæjar og í sveitum og fl.

## Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Tómstundafulltrúi

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir

Tímabil: Janúar 2020

1. **Verkefni í undirbúningi:**
   - **Mæðrahittingur**, Hvað þarf að gera, hvað þarf ? (ASS)
   - **SamVest**, söngkeppni og dansleikur á Akranesi 29.jan. 8. – 10.b geta tekið þátt. Rætt um keppnina, ferðina, við Ozonráð. (ASS)
   - **Samfestingurinn og Söngkeppni Samfés**, verður haldin 20. og 21.mars í Reykjavík. Fjöldi nemenda í ferð, bíll, bílstjóri, afþreying, gisting o.fl. (ASS)

- **Flösku/dósasöfnun,** 5.-10.bekkur með flösku- og dósa söfnun í byrjun febrúar. (Ozonráð, ASS)
- **Hamingjudagar** (ASS)

2. **Verkefni í vinnslu:**

- **Mæðrahittingur**, finna dag og tíma fyrir mömmumorgna, húsnæði, Facebook hópur gerður, huggulegheit t.d. skiptidýna, mottur, veitingar ofl. (ASS)
- **SamVest**, söngkeppni og dansleikur á Akranesi. Undirbúningur og skipulag ferðar – varaplan vegna veðurs/ófærðar opnun í Ozon í staðinn frá kl. 20 – 22 fyrir 8.-10.b (ASS)
- **Endurskoðun á opnun Ozon kl.14.30 – 16 á virkum dögum**. Krakkarnir ekki að nýta sér þessa opnun á félagsmiðstöðinni. Finna þarf annan tíma (ASS)
- **Fjósið - Ungmennaráð:** Yfirferð á virkni og mætingu, heimsóknir á sjúkrahús og fl. (ASS og BJ)
- **Hamingjudagar:** viðburðir og leiktækja athugun. (ASS)
- **Yfirferð**: frístundar og tómstundar fyrir 1.-10.bekk. Hvað er almennt verið að bjóða uppá í félagsmiðstöðvum landsins. (ASS)

3. **Verkefnum lokið:**

- **Mæðrahittingur** (að hluta) Húsnæði í félagsmiðstöðinni Ozon, fimmtudagsmorgnar kl. 10 – 12, Facebook hópur kominn og fyrsti hittingur.
- **Heimsókn:** Í desember er komið að Ozon að taka á móti gestum, þann 4.des. fáum við 8.-10.bekk í félagsmiðstöðvunum á Reykhólum og Dalabyggð í heimsókn. Vegna veðurs frestaðist þessi heimsókn til 15.jan.2020 (ASS og HH) **Af þessari heimsókn varð ekki vegna veðurs, færðar og skipulags í félagsmiðstöðunum**.
- **SamVest**, söngkeppni og dansleikur á Akranesi. Halldóra Halldórsdóttir fór í ferðina með 5 nemendum og sá Svanur skólabílstjóri um að keyra. Ferðin heppnaðist vel en komið seint heim vegna færðar. Skólastjóri gaf nemendum ferðarinnar frí í fyrstu tveimur kennslutímunum daginn eftir.

4. **Annað**; ábendingar, athugasemdir: …

STRANDABYGGÐ
SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

STRANDABYGGÐ
SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

# Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Byggingafulltrúi
Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Grettir Örn Ásmundsson
Tímabil: Janúar

**Verkefni í undirbúningi:**

- Miðtún, mögulegt verkefni hjá íbúðalánasjóði.
- Höfðagata – Laga skráningu.
- Brunngata sameining við Bröttugötu.
- Uppmæling Sýslumannshús
- Uppmæling Kópnesbraut 17 19 21
- Uppmæling undir kirkjugarði

**Verkefni í vinnslu:**

- Orkubú – Hásp.skúr, búa til lóðaruppdrátt og gera lóðarleigusamn.
- Hesthús/fjárhús hjá samkomuhúsi, Útrunninn lóðarleigus. ár 2011
- Einingahús / iðnaðarhús á tanganum.
- Söluferli Skólabraut
- Lækjartún, nýbygging
- Hrófberg – nýbygging, yfirferð á aðaluppdráttum
- Lóð á Broddanesi 2

**Verkefnum lokið:**

- Lóðaruppdráttur Lækjartún
- Lækjartún – nýbygging, yfirferð á aðaluppdráttum
- Teikningaskanni

**Annað:**

STRANDABYGGÐ HÖFÐAGATA 3 510 HÓLMAVÍK KT. 570806-0410
SÍMI 451-3510 FAX 451-3403 BANKI 0316-26-153 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR: WWW.STRANDABYGGD.IS

- Ca 20 nýbyggingar hér og þar þó mest í Dalabyggð og Kald. í byggingu
- 3 ólöglegar byggingar í Árneshrepp, plús 3 í Kaldrana.
- Skrá nokkur hús sem eru þegar byggð í Dalabyggð sem hefur láðst að skrá
- Skanna inn teikningar fyrir öll sveitarfélög og koma þeim í möppur.

**Grunnskólinn á Hólmavík**

**Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir**

**Janúar 2020**

Verkefni á frumstigi:

- Leki á lofti á gangi í nýrri skóla. Gera þarf við hné sem er farið að leka, vantar pípulagningamann. (HG)
- Leki upp um gólf á bókasafni. Vantar pípulagningamann. (HG)

Verkefni í vinnslu:

- Sameining leik- og grunnskóla. Skipulagsmál, innleiðing. Janúar- júní 2020. (HG, HÞ, IAB og vinnuhópur).
- Umsókn um styrk í sprotasjóð til áframhaldandi vinnu með stærðfræði til framtíðar og vinnu með heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. (HG, EEM)
- Innra mat skóla, stjórnun og fagleg forysta. Spurningalistar fyrir starfsfólks og foreldra. (HG) Markmiðssetning í framhaldi af mati kennara á einstaklingsmiðuðu námi í samræmi við gæðaviðmið GGÓ (HG).
- Stærðfræði til framtíðar, verkefni með styrk úr sprotasjóði. Ársverkefni með verkefnastjórn. (HG, EEM, Trappa).

Verkefnum lokið:

- Öryggishandbók. Fara yfir drög sem eru á heimasíðu og ljúka janúar 2020 (HG).
- Innra mat skóla, stjórnun og fagleg forysta. Mat kennara á einstaklingsmiðuðu námi í samræmi við gæðaviðmið GGÓ

**Leikskólinn Lækjarbrekka**

**Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir**

**Janúar 2020**

Verkefni á frumstigi:

- Lestrarátak Lækjarbrekku. Undirbúningur fyrir þriggja vikna lestrarátak í febrúar. Lubbi finnur málbein. Athuga með samstarf við bókasafnið. (KAO, GNM).
- Setja upp hillur í Dvergakoti, Bókakoti, Kubbakoti og Listakoti. (HG, IAB)

Verkefni í vinnslu:

- Sameining leik- og grunnskóla. Skipulagsmál, innleiðing. Janúar- júní 2020. (HG, IAB og vinnuhópur).
- Dagskipulag deilda. Endurskoða dagskipulag og vaktaplön og uppfæra þau um leið. Ljúka í febrúar og setja á heimasíðu. (IAB, HG).
- Þemastarf. Vinna með þjóðsögur og víkinga, gamli tíminn. Þorrinn. Undirbúningur og framkvæmd á báðum deildum. (IAB)
- Endurskoðun starfsmannastefnu. (HG)

Verkefnum lokið:

- Mannaráðningum lokið í bili.
- Jólaþema.

**Forstöðumannaskýrsla**

# Íþróttamiðstöð og Tjaldsvæði

Hrafnhildur Skúladóttir

**Verkefni í undirbúningi:**

a. Setja samþykktar endurbótaframkvæmdir í farveg.
    i. Gera yfirlit og verkáætlun.
b. Endurskoða salernisaðstöðu á tjaldsvæði?

**Verkefni í vinnslu:**

c. Búið að panta nýjan varmaskipti fyrir pott 1 og haus á bakskolunargræjur sandsíu. Varmaskiptirinn núverandi er of lítill, nægir til að halda ca 3 m3

heitum, ekki því magni sem þarf. Þéttingar í haus fóru að leka og þá lekur úr pottinum. Pípari kemur í vikunni til að skipta og tengja.

d. Láta skipta um tíðnibreytinn við pott 2. Rafvirkja þarf til þess. Er í vinnslu.
e. Taka saman fjöldatölur fyrir 2019
f. Klára að vinna úr sumarkönnun 2019

**Verkefnum lokið**

g. Hitatruflanir í potti 2 eru skýrðar með tvennum hætti
    i. Hæðarnemi sem staðsettur er inni í vegg, bak við rist, undir yfirborði vatns hafði verið festur með járnfestingu sem ekki var ryðfrí, þar hafði myndast ryð sem sest hafði líka á hæðarnemann og ruglað merkið frá honum. Á honum eru tveir pólar og þar leiddi á milli
    ii. Tíðnibreytir sem stýrir inndælingu á heitu vatni er bæði orðinn lélegur og sennilega ónýtur en hann var einnig öfugt tengdur, þannig að þegar á honum var hækkð lækkaði í raun aflið. Ég er búin að panta nýjan.

***Salbjörg Engilbertsdóttir skrifstofustjóri***

***Janúar***

***Verkefni í undirbúningi:***

- Ársreikningur 2019
- Færsla bókhalds í janúar 2020

***Verkefni í vinnslu:***

- Launavinnsla í DK. Innleiðing á nýju launakerfi langt komin.
- Jafnlaunavottun Strandabyggðar, langt komin.
- Ársuppgjör, leiðréttingar og afstemmingar 2019.
- Vsk skil nóv og des 2019
- One system innleiðing.

***Verkefnum lokið:***

- Bókhald jan – desember
- Fjárhagsætlun 2020-2023 skil og innsláttur í bókhaldskerfi og skil til deilda.

***Félagsheimili***

***Janúar***

Venjuleg notkun eru frístundir, kennsla í heimilisfræði, Ozon, Fjósið, félagsstarf aldraðra. Þorrablót var haldið í lok janúar og erfidrykkja í snemma í janúar. Æfingar Leikfélagsins á Stellu í orlofi hófust í lok jan.

***Verkefni í vinnslu:***

- Selja gamla vaskborðið og tréborðin sem eru ekki nýtt og henta ekki

***Verkefnum lokið:***

- Uppþvottavél og þurrkborð uppsett og komið í notkun í byrjun janúar og auðveldar uppþvottinn gríðarlega, nú er rekkunum rennt í vélina fyrirhafnarlaust.

Félagsmálastjóri – janúar 2020 Guðrún Elín Benónýsdóttir

Í janúar sat félagsmálastjóri reglubundna fundi og sinnti þeim verkefnum sem falla undir málaflokka félgsþjónustunnar. Þar fyrir utan eru afmörkuð verkefni sem unnið er að og eru þau talin upp hér á eftir.

**Verkefni í vinnslu**

- Félagsþjónusta – Endurskoðun jafnréttisáætlunar
- Árlegar skýrslur til Hagstofu, tölulegar upplýsingar úr félagsþjónustu
- Starfsmannahald – Farið að huga að sumri og þörf á afleysingum í sumarleyfum starfsmanna
- Byrjað að auglýsa eftir starfsfólki.

**Verkefni framundan**

- Málefni aldraðra – Stefnt að stofnun öldungaráðs í Strandasýslu með vorinu.